


## VERKEFNI 2 - SAGA GRAFÍSKRAR HÖNNUNAR

Verkefni 2 gengur út á að velja **tvenns konar týpografiur eða leturgerðir** frá ólíkum tímabilum og fjalla um þær .

Týpografía eða leturgerðir er samkvæmt skilgreiningu á vefnum *Lestur og læsileiki* „samheiti yfir leturfræði: leturval, leturstærð, leturhæð og leturbreidd og uppsetningu á leturflötum“<sup>1</sup>. Og í framhaldi segir á sama vef: „Týpografía er öll starfsemin eða aðgerðirnar sem þarf að framkvæma til að koma upplýsingum hins talaða orðs í myndrænt form.“<sup>2</sup> Um týpografiu hefur orðið til fræðigreinin sem byggir á grafískri hönnun og frá því tölvunar ruddu sér til rúms þá hefur sú hönnun mest megnis farið fram í tölvum. Fræðigreinin styðst við form- og fagurfræði og mismunandi leturgerðir eru valdar eftir því um hvaða efni verið er að fjalla.

Gróflega er leturgerðum skipt í tvennt, það er *Serif* letur og *Sans Serif* letur. Í beinni þýðingu mætti kalla þessar leturgerðir krókaletur og letur án króka. Venjum sakmvæmt er hið fyrrnefnda kallað bókaletur, hakaletur eða fóttskrift og hið síðanefnda steinskrift. Munurinn á milli þessara leturgerða er að fóttskriftin er með þverrönd á leggjaendum stafa, en steinskriftin ekki. Þetta kemur vel fram á mynd 1.



Mynd 1. Smámyndin til vinstri sýnir króka á Serif letri, en sú til hægri sýnir krókaleysi Sans Serif leturs. Myndin er fengin á kennsluvef VMA og HA <sup>3</sup>.

Enn eitt einkenni sem aðgreinir leturgerðir er svokölluð x-hæð og er hún sýnd á mynd 2.



Mynd 2. X-hæð leturs kemur vel fram á þessari mynd sem fengin er á síðu Margrétar Rósu<sup>4</sup>

Í þessari stuttu samantekt verður fjallað um tvær leturgerðir, annars vegar Helvetica og hins vegar Garamond. Þess má geta að greinagerð þessi er skrifuð með síðar töldu leturgerðinni, því Helvetica letur er ekki að finna í fartölvunni sem verkið er unnið á.

<sup>1</sup> [http://vefir.multimedia.is/mars/lestur/?page\\_id=172](http://vefir.multimedia.is/mars/lestur/?page_id=172)

<sup>2</sup> [http://vefir.multimedia.is/mars/lestur/?page\\_id=172](http://vefir.multimedia.is/mars/lestur/?page_id=172)

<sup>3</sup> <http://kennarar.vma.is/garmann/unak/Letur.pdf>

<sup>4</sup> <http://vefir.multimedia.is/mars/PRENT/fyrirlestrar/type/fyrirType.htm>

# Helvetica

Helvetica letrið hannaði Svisslendingurinn Max Miedingar árið 1957. Leturgerðina kallaði hann upphaflega „Neau Haas Grotesk“ en síðar var hún kennd við föðurland hans „Confederatio Helvetica“ og nefnd Helvetica.

Helvetica er steinskrift og einkennist letrið af einföldum, stílhreinum formum. Stafirnir eru ávalir og leggir þeirra nánast allir jafn breiðir. Einkennandi er að svokölluð x-hæð er mikil en það gerir leturgerðina einstaklega læsilega, jafnvel í fjarlægð og með mjög smækkuðum stöfum.

Leturgerðirnar Arial og Univers bera nokkur einkenni Helvetica letursins en til að greina þessar leturgerðir í sundur er hér greining sem fengin er á síðu Emils H. Valgeirssonar<sup>5</sup>. Hann nefni nokkur einkenni Helvetica letursins:

1. Hver **stafaendi** er skorinn beint lárétt eða lóðrétt. Þetta sést vel í bold útgáfunum.
2. Skáleggurinn í stóra **R** er sveigður. (*Atríði 1 og 2 eiga einnig við Univers*)
3. Í tölustafnum **1** myndast rétt horn þar sem litla strikið er.
4. Bókstafurinn stóra **G** er með lóðrétt strik í endann auk lárétta striksins.
5. Litla **a** í light og regular letrinu endar í greinilegu sveigðu skotti.

Þessi munur kemur vel fram á mynd 3 sem einnig er fengin á síðu Emils H. Valgeirssonar.



Mynd 3. Munurinn á leturgerðunum Helvetica, Univers og Arial.<sup>6</sup>

Stafirnir í Helvetica letrinu standa þétt og því kemst tiltölulega mikill texti fyrir í hverri línu með þessari leturgerð.


Helvetica letrið er látaust og læsilegt. Það er örugglega ein ástæða þess að mörg fyrirtæki nota þetta letur í lógó sín og auglýsingar. Helvetica letrið er læsið hvort, sem það er smátt skrifað eða stórt, nálægt lesanda eða í fjarlægð og er það því mikið notað á skilti og vegvísa.

<sup>5</sup> <http://emilhannes.blog.is/blog/emilhannes/category/2653/>

<sup>6</sup> <http://emilhannes.blog.is/blog/emilhannes/category/2653/>

# Garamond

Garamond er Serif leturgerð og eitt af algengustu bókalettrum nútímans. Upphafsmáður leturgerðarinnar er frakkans Claude Garamond. Hann var uppi á árunum 1480-1561. Leturgerðin ber þess merki að vera þróuð út frá handskrifuðu letri þar sem blek og fjaðrúppennar voru notaðir. Því eru línur letursins misþykkar eftir því hvernig strikunum hallar. Á stafendum eru skrautlegar þverrendur. Línur stafanna eru skáhallandi en x-stærð stafa er meiri en áður tíðkaðist. Þetta kemur vel fram á mynd 4.



Mynd 4. Garamond letur frá um 1550. Myndin er fengin að láni af síðu Hlyns Helgasonar<sup>7</sup>

Hafa ber í huga þegar þessi leturgerð er skoðuð að hún er þróuð á þeim tímum þegar letur var steypt í blý til prentunar. Miðað við þunglamalegt letur miðalda þá þykir Garamond letrið bera með sér léttleika og vera auðlesanlegt. Talið er að Garamond hafi fyrstur blandað saman skálettri og beinlettri í samfelldum texta.

Sú Garamond útgáfa sem mest er notuð í dag var teiknuð árið 1989, það kallast Adobe Garamond og á það sína fyrirmynd til letursins sem Claude Garamond hannaði<sup>8</sup>.

## Heimildaskrá:

The Fundamentals of Typography

[http://kennsla2.bhs.is/pluginfile.php/76241/mod\\_resource/content/1/The%20Fundamentals%20of%20Typography.pdf](http://kennsla2.bhs.is/pluginfile.php/76241/mod_resource/content/1/The%20Fundamentals%20of%20Typography.pdf)

Lestur og læsileiki: [http://vefir.multimedia.is/mars/lestur/?page\\_id=172](http://vefir.multimedia.is/mars/lestur/?page_id=172) Vefurinn skoðaður 25. Jan. 2015

Emil H. Valgeirsson: <http://emilhannes.blog.is/blog/emilhannes/category/2653/> Vefurinn skoðaður 25. Jan. 2015

Hlynur Helgason: Kennslubók í ljósmynda- og prentfræðum fyrir framhaldsskóla. [http://www.fugl.is/mhs103\\_namsefni/2010/01/42-linu-biblia-gutenbergs.html](http://www.fugl.is/mhs103_namsefni/2010/01/42-linu-biblia-gutenbergs.html)

<sup>7</sup> [http://www.fugl.is/mhs103\\_namsefni/2010/01/42-linu-biblia-gutenbergs.html](http://www.fugl.is/mhs103_namsefni/2010/01/42-linu-biblia-gutenbergs.html)

<sup>8</sup> <http://emilhannes.blog.is/blog/emilhannes/category/2653/>

VMA <http://kennarar.vma.is/garmann/unak/Letur.pdf>

Margrét Rósa <http://vefir.multimedia.is/mars/PRENT/fyrirlestrar/type/fyrirType.htm>

-----  
Að lokum er hér síða þar sem hægt er að umbreyta texta í mismunandi leturgerðir til að setja á vef:  
[http://www.quackit.com/html/html\\_generators/html\\_text\\_generator.cfm](http://www.quackit.com/html/html_generators/html_text_generator.cfm) Set hana hérna því hver veit nema hún eigi eftir að koma einhverjum að gagni þó síðar verði.

Reykjavík 26.janúar 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir